


	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>NÝNE1NÝ05 haustönn 2018</b>	
Síða 1 í 1		

<b>Kennari:</b> Edda Einarsdóttir	<b>Netfang:</b> <a href="mailto:edda@fva.is">edda@fva.is</a>
-----------------------------------	--

#### Lýsing:

Áfanginn er ætlaður nemendum í upphafi skólagöngu. Leitast er við að styrkja nemandann sem einstakling, námsmann og efla virkni hans í hópnum. Lögð er áhersla á að efla tjáningarhæfni, sjálfstraust og sjálfstæði hans. Unnið er með skólareglur, umgengni og annað sem snýr að veru nemandans í skólanum. Nemendur læra á tölvukerfi skólans og nýta sér tækni sem auðveldar þeim námið, s.s. talgervil og hljóðbækur. Nemendur fylgja námsáætlun í LÍFS1ÉG05 eins og kostur er.

#### Markmið (þekking, leikni, hæfni):

##### Þekkingarviðmið

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

skólaumhverfi og skólastarfi

nemendafélagi skólans og starfsemi þess

að í skólanum eru skrifaðar og óskrifaðar reglur sem ber að fylgja

á tækni sem auðveldar nám og athafnir daglegs lífs

##### Leikniviðmið

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

nota tölvukerfi skólans til upplýsingaöflunar og verkefnaskila

sýna viðeigandi hegðun í mismunandi aðstæðum

nota talgervil, hljóðbækur og aðra tækni við námið

##### Hæfniviðmið

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

sýna sjálfstæði í skólaumhverfinu

vera ábyrgur nemandi í framhaldsskóla

gera sér grein fyrir viðeigandi hegðun í mismunandi aðstæðum

nýta þá tækni sem auðveldar nám og athafnir daglegs lífs

#### Námsmat:

Ástundun og frammistaða í tíma 100%